

Fundargerð 89. fundar háskólaráðs Háskólans á Hólum (HH), þann 20. október 2022, kl. 15:00-16:45 (á Teams).



Fundinn sátu: Hólmsfríður Sveinsdóttir (rektor), Lilja Sigurlína Pálmadóttir, Sveinn Margeirsson, Kári H. Árnason (varamaður), Jón E. Friðriksson og Sigríður Sigurðardóttir, sem ritaði fundargjörð.

Drög að dagskrá var lögð fram og samþykkt.

1. **Fundargerð 88.** fundar var samþykkt.
2. **Kynning nýrra fulltrúa.** Róbert Smári Gunnarsson, nýr fulltrúi nemenda í Háskólaráði kynnti sig. Hann er á 3. ári í BA-námi í Ferðamáladeild HH. Lilja Sigurlína Pálmadóttir, nýr fulltrúi Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, kynnti sig einnig. Lilja er hrossabóndi, menntaður myndlistamaður og útskrifuð frá Hestafræðideild HH.
3. **Fjármál háskólans.** Rekstraráætlun fyrir árið 2023 er í undirbúningi. Framkvæmdastjóri mun senda ráðsfulltrúum yfirlit um stöðuna á næstu dögum. Á fjárlögum næsta árs er reiknað með 25,6 millj. kr. hækkun til HH á milli ára, sem er raunlækkun þótt nafnhækkun sé. Samstarfssjóður háskóla hefur verið settur á laggirnar til að „auka áhrif og tengsl háskóla og rannsóknarstofnana í samfélaginu“ samkvæmt *þingskjali 1 um helstu verkefni 2023 frá Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu*. Samkvæmt sama skjali ætlar ráðuneytið að styrkja „uppbyggingu á innviðum matvælarannsóknar og -kennslu við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Háskólann á Hólum“ á árinu 2023.
4. Á næstu vikum verða **auglýst störf** staðarumsjónarmanns og fjármálasérfræðings.
5. Hólmsfríður greindi frá **samningsdrögum** á milli Háskólans á Hólum og Matorku **um** að fyrirtækið fái **kynbættan fisk** frá skólanum. Skólinn hefur takmarkaða getu til hrognaframleiðslu og því er vafamál hvort hægt er að framleiða allt sem þarf en verkefnið getur fært skólanum tekjur. Munnlegt samkomulag hefur verið við Samherja frá árinu 2010 um að vera útstöð, öryggisvistun, á kynbættri bleikju fyrir kynbótaverkefni skólans. Í því samkomulagi felst að þeir vista fisk hjá sér og fá í staðinn að nýta fiskinn til að framleiða kynbætt hrogn. Þennan samning þarf að endurskoða um leið og samningur verður gerður við Matorku. Núna eru aðilar frá Matorku og Samherja í stjórn kynbótaverkefnisins. Það gæti verið vænlegt að núverandi stjórn yrði að fagraði og ný stjórn sett yfir verkefnið.
6. Hólmsfríður kynnti **nemendakönnun** opinberu háskólanna sem Félagsvísindastofnun HÍ framkvæmdi á þessu ári. Svarhlutfall grunnnemenda var 66%, meistaránema 32% og útskrifaðra nema 55%. Flestir svarendur voru úr hestafræðideild. Niðurstöður voru í flestu í samræmi við aðra háskóla, nema stoðkerfistengingar í sambandi við námsgögn, aðstöðu og tæknimál skorðu langlægst í HH. Heilt yfir segjast nemendur vera ánægðir og meðal þeirra sem hafa útskrifast er ánægjan almennt mikil.
Samstarfssjóður háskólanna. Allar deildir skólans hafa skoðað möguleika til samstarfs við aðra háskóla. Fiskeldis- og fiskalíffræðideild skoðar möguleika til samstarfs í

uppbyggingu kennslu og rannsóknum í lífvísindum. HH er eini skólinn sem kennir fiskeldi og mun sækja fram í lagareldi almennt á næstu árum, þ.e. hvernig hægt er að búa til mat í vatni. Ferðamáaldeild skoðar sameiginlegt diplómanám með HÍ, sem kennt yrði á ensku. Ýmsir fleiri möguleikar eru til að styrkja ferðamálafræðinámið í samstarfi við aðra háskóla. Hestafræðideild skoðar sameiginlegt meistaranám með HA í kennslufræðum.

7. **Húsnæðismál Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar.** Fjármálaráðuneytið vinnur að heimild til að taka við eign Hólalax. Sú heimild tengist samþykkt fjáráukalaga.

Aðalbyggingin. Hönnuðir skoða nú skipulag svæðis fyrir bæði kennara og nemendur þegar farið verður í lagfæringar á skólahúsinu.

Nemendagarðar. Leggja þarf áhersla á að gera við sex óíbúðarhæfar íbúðir hjá Nemendagörðum. Unnið er að því að fá lán felld að greiðsluhæfni Nemendagarða. Í Búshúsinu, sem er lokað vegna myglu og er í eigu Nemendagarða, eru fimm íbúðir og sex herbergi. Það þarf einnig að skoða. Staðarumsjónarmaður mun taka Nemendagarða að sér. Unnið er að því að gera skráninga- og þjónustukerfi Nemendagarða stafrænt.

Háskólaráð óskar eftir því að eignarhald og staða Nemendagarða verði skýrð.

Nýsköpunarhús. Leitað er að lóð fyrir nýtt húsið á Sauðárkróki. Spurning kom fram um hvort ekki mætti horfa til Hofsóss ef lóð finnst ekki á Sauðárkróki.

8. Önnur mál.

- Ræddir voru möguleikar um **járninganám** við skólann. Eftirspurnin er fyrir hendi.
- Haldið er áfram að skoða hvernig nám um **hesta sem meðferðarúrræði** gæti verið kostur sem nýtt námsefni í Hestafæðideild, í samstarfi við HÍ.
- **Rannsóknamiðstöð íslenska hestsins.** Hugmynd er um að kúpla Sögusetri íslenska hestsins í sundur þannig að sýningahaldið verði hjá Byggðasafni Skagfirðinga og rannsóknarþátturinn hjá skólanum. Forstöðumaður hefði hæfi prófessors og komið verði á samstarfi við aðrar stofnanir, s.s. um rannsóknir á áhrifum umhverfis og álags á heilbrigði hrossa.